

## BA ritgerðir (10 ECTS)

### Gavin

**The archaeology of vegetable gardens (*kalgarðar*).** The student will draw on existing archaeological survey data from 3 or more parishes (*hreppur*) and conduct basic GIS analysis of vegetable/potato gardens from different areas of Iceland to investigate variation in location, size and where possible, dates. The study will be contextualized by historical evidence for the emergence of this type of agricultural feature. How standardized are they? How quickly do they become established? Etc.

**Lighting up the past: the use of light at Skálholt.** The student will go through the records of oil lamps, candle holders and other lighting devices found from archaeological sites in Iceland and assess the material for any patterns in terms of chronology and room location. This will be connected to a broader investigation into how light was managed or controlled (e.g. windows, fireplaces) inside buildings and whether some areas inside buildings or some sites were better lit than others.

### Orri

**Hreppaþingstaðir.** LUK-verkefni sem gengur út á að rannsaka staðsetningu hreppaþingstaða og svara því hvaða þættir höfðu mest áhrif á staðarval: vegalengdir og samgöngur innan hrepps eða tengsl við miðstöðvar kirkjulegs eða veraldlegs valds.

**Þinghús.** Rannsóknin felst í könnun á heimildum um þinghús, einkum frá 17. öld til 19. aldar, og miðar að því að svara því hversu útbreidd þau voru og hverskonar byggingar þau voru. Stóðu slík hús á gömlum hreppaþingstöðum eða voru þau frekar hluti af bæjarhúsum jarðarinnar sem hreppssamkomur voru haldnar á? Voru þau notuð til einhvers annars en þinghalds? Hvað réði því hvaða hreppar höfðu þinghús og hverjir ekki?

**Félagsheimili.** Félagshimili og samkomuhús voru byggð víða í sveitum landsins í lok 19. aldar og í byrjun þeirrar 20. Rannsóknin felst í að kanna heimildir um byggingu og útbreiðslu slíkra húsa, rannsaka tengsl þeirra við þinghús og þinghald og gera úttekt á elstu byggingum af þessu tagi sem enn standa.

**Selskutlar.** Oft er því haldið fram að Inúítar hafi kunnað að skutla sel en norrænir menn ekki. Þó eru til selskutlar á íslenskum söfnum og heimildir um notkun þeirra á miðöldum. Erú íslensku skutlarnir nýleg tækni eða gömul?

**Kljásteinar á Stóruborg.** Steinar með gati eru yfirleitt greindir sem kljásteinar, steinar til að þyngja uppistöðuna í gamla vefstaðnum. Getur dreifing þeirra í bæjarhúsum á Stóruborg varpað ljósi á hlutverk slíkra steina?

**Stærðir kirkjugarða.** Hringlaga kirkjugarðar á Íslandi eru misstórir. Verkefnið felst í að safna heimildum um stærðir kirkjugarða og setja fram tilgátur um hvað réði mismunandi stærð.

**Staðsetning kirkna m.v. bæ.** Mikil regla er á staðsetningu íslenskra sveitakirkna miðað við bæ en var það alltaf þannig? Verkefnið felst í úrvinnslu fyrirliggjandi gagna og tilgátusmíð um hvað veldur þessu sambandi.

**Áttahorf kirkna m.v. bæ.** Íslenskar sveitakirkjur eru iðulega hornréttar á bæjarhús og þar sem áttahorf kirkna er ákvarðað af utanaðkomandi reglu (þær verða að snúa austur-vestur) vaknar grunur um að í sumum tilfellum geti bæjarhúsin, staðsetning þeirra eða skipan, verið yngri en kirkjan á viðkomandi stað. Verkefnið felst í að láta reyna á þessa tilgátu á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

**Dreifing botnfalls úr gólfum í Sveigakoti.** Botnfall (heavy residue) getur gefið vísbendingar um mismunandi athafnir/nýtingu í ólíkum húsum eða húshlutum. Verkefnið felst í úrvinnslu fyrirliggjandi gagna (tölfræði og kortagerð) og tilgátusmíð til að skýra ójafna dreifingu.

**Uppblástur á Krókdal.** Á Krókdal er eyðibygð frá 10.-11. öld og er ríkjandi kenning sú að uppblástur hafi valdið eyðingunni. Verkefnið felst í greiningu loftmynda frá 20. öld til að varpa ljósi á hraða uppblástursins og hvenær hann gæti hafa hafist.

**Úttekt á fornleifastöðum** sem nú þegar eru aðgengilegir ferðamönnum. Verkefnið felst í greiningu á slíkum stöðum og gerð tillagna um hvað megi gera betur.

## Steinunn

**Endurnýting og viðgerðir á ílátum.** Viðgerðir á ílátum úr leir og tré eru oft álitnar vera merki um fátækt og skort. Margt annað getur hins vegar legið að baki endurnýtingar. Ritgerðarverkefnið gengur út á að safna upplýsingum um viðgerð ílát úr fornleifarannsóknum og skoða í hvaða samhengi þau finnast.

**Gripir í gröfum frá kristnum tíma.** Sá siður að jarða fólk með gripi af ýmsu tagi er ekki bara bundinn við heiðni, heldur er hann þekktur frá öllum tímum. Mikil áhersla hefur verið lögð á að skoða gripi í kumlum en minni áhersla aftur á móti lögð á að skoða þá sem finnast í kristnum gröfum hérlendis. Nemandinn mun taka saman upplýsingar um gripi í kristnum gröfum á Íslandi og skoða hverjir þeir eru helstir og hver merking þeirra getur verið.

**Eldstæði.** Nokkuð mörg eldstæði hafa fundist við uppgrefti á íveruhúsum hérlendis. Markmiðið með ritgerðinni er að taka saman upplýsingar um þau eldstæði sem hafa fundist frá tilteknu tímabili, t.d. landnámsöld, miðöldum eða nútíma, og bera saman gerð þeirra og nýtingu innan tímabilsins.

**Blýmet.** Blýmet hafa fundist víða við uppgrefti hérlendis, s.s. í kumlum, kirkjurústum og á bæjarstæðum. Ritgerðarverkefnið miðar að því að safna saman upplýsingum um þau, skoða uppruna þeirra, fundasamhengi og nýtingu.

## MA ritgerðir (30 ECTS)

### Gavin

**Cutting edge archaeology: a study of knives from archaeological excavations in Iceland.** The student will go through the records of knives found from archaeological sites in Iceland, construct a typology based on comparative material from Europe and assess the Icelandic material for any patterns in terms of chronology and type of site.

### Orri

**Gripir frá Bergþórshvoli** – gerð heildstæðrar gripaskrár og samanburður við aðra bæjarhóla sem spanna margar aldir, t.d. Stóruborg, Skútustaði og Svalbarð. / **The material culture of Bergþórshvoll** – the project involves the assembly of a finds catalogue from the 1927-29 excavations and analysis of long term developments in comparison to other diachronic assemblages, e.g. Stóraborg, Skútustaðir and Svalbarð.

**The ethnoarchaeology of marine mammal exploitation in Iceland.** Comparison of the ethnographic/historical record with the archaeological evidence throwing light on to what extent we are finding sea mammal remains that are consistent with the ethnographic evidence and to what extent does the archaeological record suggest a different picture (and if so what does that mean? Actual change or evidential bias?).

**Distribution of marine mammal remains in archaeological sites in Iceland.** Survey of the evidence, including sites / assemblages with no marine mammal remains (is it because they are small, is it taphonomy or is it a real difference: are some sites without any marine mammal component?). The main objective would be to analyze variability in mammal bone assemblages (by species, bone size and % of artefacts) and relate this to site location – is it a matter of access to the sea, or an effect of exchange networks?

**Dreifing vinnanlegs mýrarauða.** Íslenskur jarðvegur er yfirleitt járnríkur en vinnanlegur mýrarauði er hinsvegar ekki allsstaðar. Verkefnið felst í að skilgreina hvaða aðstæður séu nauðsynlegar til að rauði teljist vinnanlegur og kortleggja hversu útbreiddar þær aðstæður eru. / **The distribution of bog iron in Iceland.** Icelandic soils normally have high iron content but not everywhere in concentrations that would justify its exploitation. The project aims to define which conditions are necessary for the processing of bog ore and map their distribution.

**Áveitur.** Rannsókn á heimildum um áveitur fyrir vélaöld, greining á aðferðum við hönnun, byggingu og viðhald áveitukerfa, og ávinningi í samanburði við nágrannalöndin.

## Steinunn

**Fornleifafræði vatns/Archaeology of Water.** Nýting vatns til forna á Íslandi – trú, siðir, nauðsyn. Nýting vatns skoðuð í gegnum brunna, bæjarlæki, myllur, ílát, skírnarfonta og fleira/ The management of water in everyday life during Viking Age and/or Medieval Iceland. The subject can be approached through the study of different equipment or natural access related to water.